

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Frá Ásmundi Friðrikssyni.

1. Hversu margir umsækjendur um alþjóðlega vernd komu til landsins á árunum 2018–2020?
2. Hversu margir umsækjendanna fengu efnislega meðferð umsókna sinna um alþjóðlega vernd?
3. Hve margir sem sóttu um alþjóðlega vernd hér á landi á framangreindu tímabili höfðu þegar fengið efnismeðferð og úrlausn í öðru Schengen-ríki?
4. Hver var meðaltími afgreiðslu umsókna hjá Útlendingastofnun annars vegar og kærufnefnd útlendingamála hins vegar á tímabilinu?
5. Hver var kostnaður stofnana sem heyra beint undir ráðuneytið vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd á tímabilinu?
6. Hver var kostnaður ráðuneytisins vegna þjónustusamnings við Rauða kross Íslands á tímabilinu?
7. Hver var kostnaður vegna heimferðar umsækjenda um alþjóðlega vernd sem ekki fengu vernd á tímabilinu?
8. Hver hefur verið kostnaður við móttöku umsækjenda um alþjóðlega vernd, svo sem við flutninga frá flugstöð, sóttkví og annað sem fellur til vegna COVID-19, það sem af er árs 2020?

Skriflegt svar óskast.